



Fundur í sveitarstjórn

41. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri, Þórshöfn fimmtudaginn 11. febrúar 2016 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Siggeir Stefánsson, Karl Ásberg Steinsson, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Fundargerð 276. fundar stjórnar Eyþings, dags 13. jan. 2016

Fundargerð lögð fram til kynningar

2. Umboðsmaður barna, bréf

Bréf lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur heilshugar undir með Umboðsmanni barna.

3. Ytra-Lón, ársreikningur

Ársreikningur ársins 2014 lagður fram til kynningar.

4. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, niðurstöður kæru um að urðunarsvæði skuli ekki háð umhverfismati

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti málið.

5. Tækifæri hf. - boð um að nýta forkaupsrétt til hlutafjárkaupa

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti málið.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar ætlar ekki að nýta sér forkaupsrétt sinn í hlutabréfum í Tækifæri hf.

Samþykkt samhljóða.

6. Tækifæri hf. - ósk um kaup á hlutafé

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti málið.

KEA svf. hefur gert kauptilboð í eignahlut Langanesbyggðar í Tækifæri hf.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir innsent kauptilboð KEA svf. og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

5 samþykkir, Björn Guðmundur og Karl Ásberg sitja hjá.



LANGANESBYGGÐ

7. Kötlunes ehf., fyrirspurn

Sveitarstjóri og Siggeir Stefánsson fóru yfir og kynntu málið.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að ljúka málinu.

Samþykkt samhljóða.

8. Íþróttamiðstöð – úttektarskýrsla frá EFLU

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti málið.

Verkfræðistofan EFLA var fengin til að skoða ástand sundlaugarrýmis Íþróttamiðstöðvar sem og viðhald burðarvirkis.

Niðurstöður virðast gefa til kynna að töluverðra viðgerða sé þörf og kostnaður við þær töluverður.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að vinna málið áfram með það að markmiði að ljúka gerð útfærðrar kostnaðaráætlunar.

4 samþykkir, Björn Guðmundur, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

9. Varmadælur

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti málið sem snýst um vatnsöflun vegna hugsanlegrar kyndingar íþróttá-, skólamannvirkja og félagsheimilis með varmadælum.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

4 samþykkir, Björn Guðmundur, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

10. Finnafjörður

Sveitarstjóri og oddviti fóru yfir það sem hefur gerst undanfarið. Lögfræðingar á vegum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps hafa unnið að greiningu og tillögu að breytingum á viljayfirlýsingu vegna Finnafjarðarverkefnisins.

Tillaga að breyttri viljayfirlýsingu á ensku var send á kjörna fulltrúa beggja sveitarfélaga þann 11. febrúar 2016. Boðað verður til vinnufundar með lögfræðingum beggja sveitarfélaga í viku 7. Á þeim fundi gefst kjörnum fulltrúum tækifæri til að koma með spurningar og athugasemdir. Einnig er hægt að senda þær á sveitarstjóra fyrir vinnufund.

Lögfræðingar munu svara innsendum spurningum og athugasemdum skriflega og verða svör send á alla kjörna fulltrúa beggja sveitarfélaga.

11. Reglulegir fundir sveitarstjórnar Langanesbyggðar

Sveitarstjóri fór yfir málið.

Samþykkt var á 38. fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar þann 15. desember 2015 að skoða hvort hægt væri að breyta reglulegum fundum sveitarstjórnar á þann veg að þeir yrðu haldnir á þriggja vikna fresti í stað tveggja. Til að svo megi verða þarf að breyta samþykktum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

4 samþykkir, Björn Guðmundur, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.



LANGANESBYGGÐ

12. Breytingar á nefndum

Oddviti fór yfir og kynnti málið.

Liður 1 – Sameining tveggja nefnda

Tillaga meirihluta sveitarstjórnar Langanesbyggðar:

Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggur til að íþróttá- og tómstundanefnd og Velferðarnefnd verði sameinaðar í eina nefnd.

Skrifstofu falið að hefja vinnu við viðeigandi breytingar á samþykktum sveitarfélagsins.

4 samþykkir, Björn Guðmundur, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

U-listinn leggur fram eftirfarandi bókun:

Nefndarskipan Langanesbyggðar er í dag eins og hún hefur gefist best síðustu ár ásamt viðbót Menningarnefnd- og velferðarnefnd þar sem þeir málaflokkar hafa undanfarin ár orðið heldur útundan í nefndarskipan auk meiri færslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga, því telur U-listinn að nefndarskipan hjá Langanesbyggð ætti að haldast óbreytt.

Liður 2 – Afsögn formanns Menningar- og bókasafnsnefndar Langanesbyggðar

Hanna María Pétursdóttir hefur óskað eftir því að láta af störfum sem formaður menningar- og bókasafnsnefndar Langanesbyggðar.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagða afsögn og þakkar Hönnu Maríu vel unnin störf.

Samþykkt samhljóða.

Reynir Atli tók 5 mínútna fundarhlé.

Liður 3 – Skipun formanns Menningar- og bókasafnsnefndar

Heiðrún Óladóttir er skipuð sem aðalmaður.

Lagt er til að Heiðrún Óladóttir verði formaður Menningar- og bókasafnsnefndar Langanesbyggðar.

4 samþykkir, Björn Guðmundur, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

Liður 4 – Skipun formanns Atvinnu- og ferðamálanefndar

Reynir Atli Jónsson er skipaður sem aðalmaður.

Lagt er til að Reynir Atli Jónsson verði formaður Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar.

4 samþykkir, Björn Guðmundur, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

Liður 5 – Skipun formanns Hafnarnefndar

Lagt er til að Halldór Rúnar Stefánsson verði formaður hafnarnefndar Langanesbyggðar.

4 samþykkir, Björn Guðmundur, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

13. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti þau verkefni sem hafa verið í gangi.



LANGANESBYGGÐ

Menningarfulltrúi Eyþings var með viðveru á skrifstofu Langanesbyggðar og nokkrir mættu þar.

Unnið hefur verið mikið í málefnum [sértæks]byggðarkvóta í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

Næsta mánudag kemur stjórn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og heldur fund á Þórshöfn.

Mál leiguíbúða við Miðholtið á Þórshöfn er í skoðun.

14. Trúnaðarfundur – Framtíðarrekstrarfyrirkomulag Nausts

Fundi lokað og trúnaðarfundur settur.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:33